



**Garðabær**  
**Garðatorgi 7**  
**210 Garðabæ**

Reykjavík, 7. júlí 2021.

## **Efni: Framlög samkvæmt Samgöngusáttmálanum**

Vísað er til samnings fjármála- og efnahagsráðuneytisins f.h. ríkisins og Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, f.h. Reykjavíkurborgar, Hafnarfjarðarkaupstaðar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarnesbæjar annars vegar og Betri samgangna ohf. hins vegar, dags. 6. júlí 2021, um fjármagnsskipan Betri samgangna ohf.

Samkvæmt samningnum og viðauka með honum innheimta Betri samgöngur ohf. bein árleg framlög frá ríki og sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu vegna verkefna Samgöngusáttmálans fjórum sinnum á ári og skal gjalddagi beinna framlaga vera síðasti virki dagur fyrsta mánaðar hvers ársfjórðungs. Bein framlög taka breytingum með sama hætti og sambærileg verkefni eru færð til nýs verðlags í samgönguáætlun, sbr. 3. mgr. 3. gr. Samgöngusáttmálans. Áætlað uppreiknað framlag hvers árs miðast við nýjustu vísitölu áætlana Vegagerðarinnar. Þegar meðaltalsvísitala hvers árs liggur fyrir skulu Betri samgöngur ohf. reikna hve mikið vantaði upp á framlag ársins og bæta því við áætlað framlag næsta árs.

## **Uppgjör á framlögum 2019 til 2021**

Í framangreindum samningi og viðauka með honum kemur fram að höfuðstóll árlegra beinna framlaga ríkisins, Reykjavíkurborgar og Kópavogsbæjar vegna árána 2019 og 2020 hefur verið greiddur en verðbótaþáttur framlaganna 2020 er ógreiddur. Ríki, Reykjavíkurborg og Kópavogsbær geri upp verðbæturnar með einni greiðslu til Betri samgangna ohf. á gjalddaga 30. september 2021.

Höfuðstóll árlegra beinna framlaga Hafnarfjarðarkaupstaðar, Garðabæjar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarnesbæjar vegna ársins 2020 hefur verið greiddur. Fyrirgreind sveitarfélög hafa hvorki greitt framlög vegna ársins 2019 né verðbótaþátt framlaganna 2020. Samkomulag er um að þau greiði útistandandi framlög sín vegna ársins 2019 í tveimur jafnháum greiðslum. Þá fyrri á gjalddaga 30. september 2021 og þá síðari á gjalddaga 30. apríl 2022. Verðbótaþáttur vegna 2020 skal greiddur á gjalddaga 30. september 2021.

Höfuðstóll árlegra beinna framlaga ríkisins og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu vegna fyrsta og annars ársfjórðungs ársins 2021 hefur ekki verið greiddur en skulu greiðast Betri samgöngum ohf. eigi síðar en 12. júlí 2021.

Samkvæmt framansögðu greiði Garðabær Betri samgöngum ohf. bein framlög vegna framkvæmda Samgöngusáttmálans 2019 til 2021 með eftirfarandi hætti:



|                                                                                                           |                        |
|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------|
| 1. Höfuðstóll framlaga vegna fyrsta og annars ársfjórðungs 2021 greiðist þann <b>12. júlí 2021</b>        | kr. <b>38.908.191</b>  |
| 2. Höfuðstóll framlaga þriðja ársfjórðungs 2021 greiðist þann <b>30. júlí 2021</b>                        | kr. <b>19.454.095</b>  |
| 3. Helmingur höfuðst. framl. 2019 og verðbótaþáttur framlaga 2020 greiðist þann <b>30. september 2021</b> | kr. <b>38.629.979</b>  |
| 4. Höfuðstóll framlaga fjórða ársfjórðungs 2021 greiðist þann <b>30. október 2021</b>                     | kr. <b>19.454.095</b>  |
| 5. Helmingur höfuðst. framl. 2019 greiðist þann <b>30. apríl 2022</b>                                     | kr. <b>35.726.053</b>  |
| <hr/>                                                                                                     |                        |
| <b>Samtals</b>                                                                                            | <b>kr. 152.172.414</b> |

Framangreindar fjárhæðir óskast lagðar inn á reikning Betri samgangna ohf. **kt. 671020-0300, reikningsnr. 0301-26-008476**, á framangreindum gjalddögum.

F.h. Betri samgangna ohf.,

Davíð Þorláksson,  
framkvæmdastjóri.